

Föstudaginn 9. október 1987.

Nr. 243/1986. **Bjarni Jónasson**

(sjálfur)

gegn

Útvegsbanka Íslands h/f

(Hákon Árnason hrl.)

Málkostnaður. Endurheimta. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1986. Krefst hann þess, að stefndi greiði sér 85.000,00 krónur auk mánaðarlegra dráttarvaxta sem hér segir: 2,75% frá 24. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar. — Áfrýjandi hefur ekki stefnt fyrir Hæstarétt Vilhjálmí Bjarnasyni og Jóni Hjaltasyni, sem hann stefndi í héraði.

Stefndi, Útvegsbanki Íslands h/f, sem tekið hefur við málinu af Útvegsbanka Íslands, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1987, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Útvegsbanki Íslands höfðaði mál gegn áfrýjanda fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja í desember 1984 til innheimtu eftirstöðva skulda-bréfs. Bréfið hefur verið lagt fram í málinu. Segir í meginmáli þess, að skuldari vegna Eyjaflugs sé áfrýjandi, en undir bréfið ritar eigin-kona hans. Á dómþingi 3. júní 1986 var m.a. bókað:

„Þá kemur fyrir dóminn stefnandi málsins Bjarni Jónasson framkvæmdastjóri

Dómari: Hafði eiginkona þín, Jórunn, umboð til þess að rita undir skuldabréfið

Bjarni: Við rákum þetta fyrirtæki, Eyjaflug, saman og hún gerði það í eigin nafni og þurfti ekki umboð til þess að mínu álit.

Dómari: Spurningin er þessi, berðu brigður á það að hún hafi haft umboð til þess að undirrita þetta bréf fyrir þína hönd?

Bjarni: Ég fæ ekki séð að hún hafi þurft umboð til þess.

Dómari: Þannig að hún hafi mátt gera það?

Bjarni: Að mínu mati þá var hún í fullum rétti“

Eftir þessu var Eyjaflug skuldbundið til að greiða skuldabréfið. Áfrýjandi bar persónulega ábyrgð á skuldbindingum Eyjaflugs og mátti því höfða skuldabréfamálið gegn honum. Engu að síður hafði hann krafist sýknu í því máli og bent á, að hann gaf bréfið ekki út. Þegar þetta er haft í huga er ekki efni til að lækka þann málskostnað, sem Útvegsbankinn áskildi sér og tók af áfrýjanda þegar skuld hans við bankann var gerð upp í janúar 1985.

Af skjölum málsins verður ráðið, að Útvegsbankinn hafi ekki afhent áfrýjanda reikningsyfirlit yfir uppgjórið 24. janúar 1985 og ekki aðra kvittun fyrir málskostnaðinum en kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning lögmanns þess, sem rekið hafði innheimtumálið fyrir bankann. Átti lögmaðurinn þó ekki beina kröfu á áfrýjanda til greiðslu á málskostnaðinum. Af þessum sökum þykir rétt að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 3. júní sl., hefur Bjarni Jónasson, nnr. 1219-7764, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 19. september 1985 á hendur Jóni Hjaltasyni hrl., nnr. 5145-9636, Heimagötu 22, Vestmannaeyjum, Vilhjálmi Bjarnasyni útíbússtjóra, nnr. 9004-7958, Illugagötu 41, Vestmannaeyjum persónulega og f.h. Útvegsbanka Íslands, nnr. 9032-7925, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 85.000,00 með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 31. janúar 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefndu hverjum um sig verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

Mál þetta höfðar stefnandi til að endurkrefja alla stefndu um málskostnað er stefnandi greiddi stefnda, Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum,

24.01. 1985 sem lið í uppgjöri milli bankans og stefnanda á dómkröfum í máli nr. 125/1984: Útvegsbanki Íslands, Vestmannaeyjum, gegn Bjarna Jónassyni og Vestmannaeyjakaupstað vegna bæjarsjóðs Vestmannaeyja, en það mál var hafið með samkomulagi aðila í bæjarþingi Vestmannaeyja 31.01. 1985.

Mál nr. 125/1984 var höfðað til innheimtu á skuldabréfi. Skuldunautur samkvæmt efni bréfsins var Bjarni Jónasson vegna Eyjaflugs, en það var útgefið af eiginkonu hans Jörunni Bergsdóttur. Bæjarsjóður Vestmannaeyja hafði tekið sjálfskuldarábyrgð á bréfinu. Útvegsbanki Íslands, Vestmannaeyjum, var eigandi bréfsins. Máltilbúnaður stefnanda hér er sá að Jón Hjaltason hrl. hafi í nafni Útvegsbankans höfðað mál nr. 125/1984 gegn honum enda þótt hann hafi hvorki verið útgefandi né ábyrgðarmaður að skuldabréfi því sem innheimta átti.

Málið hafi verið þingfest 13. desember 1984 og hann síðan fengið frest til greinargerðar til 10. janúar 1985. Hann hefði þá krafist sýknu vegna þess að hann væri ekki aðili að málinu. Jón Hjaltason hafi þá fengið frest í málinu til 17. janúar 1985. Þegar málið var þá tekið fyrir hefði Jón enn viljað fá frest, nú til að koma að sakaukastefnu. Þegar málið var næst tekið fyrir 31. janúar 1985 hefði Jón viljað hefja málið og hafi orðið samkomulag um það milli aðila. Sakaukastefna var lögð fram í þinghaldi 31. janúar 1985.

Stefnandi heldur því fram að Jón Hjaltason hrl. hefði átt að draga málið til baka vegna formgalla og byrja að nýju með ógallað mál í stað þess að sakaukastefna í málinu og beita fyrir sig 48. gr. laga nr. 85/1936. Heldur hann því fram að hér hafi 48. gr. laga nr. 85/1936 ekki átt við.

Þá heldur stefndandi því fram að Vilhjálmur Bjarnason, útibússtjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, hafi í algjöru heimildarleysi látið taka kr. 85.000,00 út af reikningi sínum og leggja inn á hlaupareikning nr. 756, sem sé í eigu Jóns Hjaltasonar hrl. Því hefði verið haldið fram að þetta ætti að vera málskostnaður vegna skuldabréfsins, en Jón hafi engan þátt átt í að það var greitt.

Af hálfu stefndu er á það bent að stefnandi hafi þann 24. janúar 1985 gert upp við Útvegsbankann dómkröfur málsins nr. 125/1984 og staðfest það uppgjör með því að samþykkja hafningu málsins fyrir dómi þann 31. janúar 1985. Stefnandi hafi gert þetta án alls fyrirvara og sé skiptum aðila vegna þessa máls því endanlega lokið og því sé ekki mögulegt að ýfa upp ágreining um einstaka liði þessa uppgjörs, hvorki höfuðstól og vexti né málskostnað.

Þá er því haldið fram að endurkröfu málskostnaðarins sé ranglega beint að Jóni Hjaltasyni hrl. og Vilhjálm Bjarnasyni útibússtjóra. Jón hafi verið fenginn til að sækja málið fyrir bankann, og allt sem hann hafi gert í málinu hafi hann gert sem umboðsmaður bankans. Bankinn hafi greitt honum

málskostnað í málinu, sem eftir umfangi málsins hafi verið varlega reiknaður kr. 85.000,00. Vilhjálmur Bjarnason hafi aðeins haft afskipti af máli nr. 125/1984 sem útíbússtjóri Útvegsbankans fyrir bankans hönd.

Þá er því mótmælt af hálfu stefndu að Vilhjálmur Bjarnason hafi í algjöru heimildarleysi látið taka kr. 85.000,00 af fjármunum stefnanda og leggja inn á reikning Jóns Hjaltasonar vegna málskostnaðar.

Loks leggja stefndu fram sem dskj. 39 veðtryggingarbréf dags. 14. ágúst 1981, undirritað af stefnanda sjálfum til Bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Í bréfinu segir m.a.: „... vegna ábyrgðar Bæjarsjóðs Vestmannaeyja gagnvart Útvegsbanka Íslands vegna *láns til mín* að upphæð 30.000.00 U.S. \$ — þrjátíu þúsund bandaríkjadóllarar“.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi málsins, Bjarni Jónasson, og stefndi Vilhjálmur Bjarnason.

Álit dómsins:

Hér fyrir dómi hefur stefnandi ekki neitað því að kona hans hafi haft heimild hans til að skuldbinda hann f.h. einkafirma hans samkvæmt efni skuldabréfs dskj. 7, en það bréf var grundvöllur höfðunar máls nr. 125/1984. Það mál var því réttilega höfðað gegn stefnanda þegar frá upphafi. Kröfur máls nr. 125/1984 voru gerðar upp við kröfueiganda Útvegsbanka Íslands í útíbúi bankans í Vestmannaeyjum 24. janúar 1984. Á endurrit skuldabréfsins var þá ritað að það væri að fullu greitt skv. kvittunum útgefnum þann dag „kr. 904.517,00 auk kostnaðar“. Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi stefnandi, að hafa fengið þetta endurrit í hendur strax 24. janúar 1985 ásamt kvittunum, þ.á m. fyrir innborgun kr. 85.000,00 inn á reikning Jóns Hjaltasonar hrl. vegna málskostnaðar, dskj. 5. Nafn stefnanda er vélritað á innleggið og því er ómótmælt að það er gert af starfsmanni bankans. Stefnandi neitar því ekki að honum hafi verið það ljóst í bankanum að hann var látinn greiða kr. 85.000,00 í málskostnað vegna máls nr. 125/1984. Aftur á móti segist hann ekki hafa getað mótmælt, eins og málum hans var komið. Sött hafi verið að búi hans og fasteign.

Mál nr. 125/1984 er síðan niður fellt með samkomulagi aðila í þinghaldi 31. janúar 1985. Samkvæmt bókun í þinghaldinu áskildi stefnandi sér þó allan rétt til að koma að í nýju máli skaðabótakröfum á hendur bankanum vegna þess að lánið hefði verið tekið í dollurum en ekki pundum. Ekkert er bókað um málskostnað í þessu þinghaldi. Stefnandi segist hafa mótmælt kostnaðinum þótt dómari hafi ekkert um það bókað. Hann segir sér ekki hafa verið ljóst að samþykki sitt fyrir hafningu málsins gæti haft áhrif á rétt sinn, enda ólögfróður og dómari hafi hefði ekki leiðbeint honum um þetta atriði.

Eins og að framan greinir var mál nr. 125/1984 réttilega höfðað og beint gegn stefnanda. Það er ekki gert upp fyrr en eftir málshöfðun og nokkra

meðferð fyrir dómi. Verður því að líta svo á að málshöfðunin hafi verið liður í innheimtuaðgerðum bankans, en skuldabréfið var allt gjaldfallið við máls-höfðun. Bankanum var því rétt að áskilja sér málskostnað í uppgjöri bréfsins við stefnanda.

Við aðalflutning málsins hélt stefnandi því fram að málskostnaðurinn hefði verið áætlaður of hár. Þar sem stefnandi er ólögfróður þykir sú málsástæða ekki of scint fram komin, enda er henni ekki mótmælt á þann hátt. Samkomu-lag um niðurfellingu dómsmáls hefur ekki í för með sér að það mál verði ekki tekið upp aftur. Stefnandi kvartaði fljótlega eftir hafningu málsins undan málskostnaðinum og höfðaði mál þetta. Hann þykir því ekki hafa firrt sig rétti til að hafa þessa málsástæðu uppi.

Höfuðstóll stefnukröfu máls nr. 125/1984 nam kr. 635.375,20. Samkvæmt dómvenju er málskostnaður miðaður við höfuðstól dómkröfu þegar hann er ákveðinn í dómi, sbr. Hrd. 56:346. Þegar tekið er tillit til þessa, gjaldskrár LMFÍ, sem í gildi var, og hversu langt málið var komið, þykir sem málskostnaður til handa Útvegsbanka Íslands í máli nr. 125/1984 hefði verið ákveðinn kr. 65.000,00 hafi við gjaldtökuna verið miðað við almenn skuldamál þar sem gagnaöflun fer eigi fram eftir þingfestingu eða dómtekin eru á þingfestingardegi, sbr. 5. gr. 1. a) gjaldskrá LMFÍ. Hafi við gjaldtökuna verið miðað við mál sem eru munnlega flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu hefði málskostnaðurinn verið ákveðinn, sbr. 5. gr. 1. b) gjaldskrár LMFÍ um kr. 115.000,00.

Nokkur gagnasöfnun fór fram eftir þingfestingu máls nr. 125/1984, m.a. vegna þeirrar málsástæðu stefnda í því máli, stefnanda hér, að hann væri ekki réttur aðili máls.

Þegar ofangreind atriði eru virt þykir Útvegsbanki Íslands a.m.k. ekki hafa áætlað málskostnaðinn verulega of háan. Af því leiðir að ekki eru efni til að taka upp aftur uppgjör aðila að því er varðar málskostnað. Sýkna ber því Útvegsbanka Íslands af kröfum stefnanda.

Útvegsbanki Íslands höfðaði mál nr. 125/1984, stefnandi gerði upp við bankann og var málskostnaður því í raun réttilega greiddur bankanum þrátt fyrir greiðslumátann. Máli þessu er því ranglega beint gegn Jóni Hjaltasyni og Vilhjálmi Bjarnasyni. Þeir eiga því að vera sýknir af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eins og máli þessu er háttað að hver aðili beri sinn kostnað af því. Hrafn Bragason umboðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Hjaltason, Vilhjálmur Bjarnason og Útvegsbanki Íslands, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu.